



34

MAÐUR MEÐ MÖNNUM

Íslendingar taka lífsgæðakappblaupið með trompi. Hvað þarfum að eiga og hvað þarfum að gera til að stimpla þig inn í betri búningsklefann – með hinum eðalplebbunum?



Kynntu þér
bæklinginn



Útilegu
maðurinn

FRÍTT

FRÉTTABLADID

28. apríl 2007 – 114. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

„Viröld“ Kharms
í margmiðlaðri
sýningu

Ópera Haflida Hall-
grímssonar verður
flutt á Listahátið í
vor.

MENNING 54



Jafnir gagnvart Guði

„...jafnvel guðsmennirnir sjálf-
ir, boðberar fyrirgefningar og
skilnings, falla í þá gryfju að missa
sjónar á því grundvallaratriði að
ást og kærleikur fer ekki í mann-
greinarálit,“ segir Ellert B. Schram.

Í DAG 18



FH og Valur í úrslitum

FH og Valur maestast í
úrslitum deildarbikarsins
eftir að hafa unnið
undanúrsliteleiki
sína í gær.


ÍPRTTIR 62

Hús & heimili

Litið inn í
betri stofuna
hjá Mariko
Margréti.


FYLGIR FRÉTTA-
BLADINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



**RÍOMABLÍÐA NORÐAN OG
AUSTAN TIL** í dag verður suð-
austan strekkingur á Suður- og
Vesturlandi, annars mun hægari.
Hiti 8-20 stig.

VEDUR 4



Heyrnarlausar og þroska- heftar konur misnotaðar

Liðsmaður misnotaði kynferðislega tvær heyrnarlausar og þroskaheftar konur á menningarhátið heyrnarlausra á síðasta ári. Konurnar hafa notið aðstoðar ráðgjafa en málið hefur ekki verið kært til lögreglu.

KYNFERÐISBROT Tvær ungar konur sem báðar eru heyrnarlausar og þroskaheftar urðu fyrir grófri kynferðislegri misnotkun á síðasta ári. Sleginn hefur verið þagnarmúr um málið, en það er á vit- orði stjórnar og forsvarsmanns Félags heyrnarlausra, Félagsþjónustunnar í Kópavogi og fleira fólks sem kemur að mállefnum heyrnarlausra með einum eða öðrum hætti.

Misnotkunin átti sér stað á menningarhátið heyrnarlausra á Akureyri 10. til 16. júlí í fyrra sem ungu konurnar sóttu.

Annað atvik varð svo í septem-
ember þegar heyrnarlaus maður

aður liðsmaður, sem átti að vera skjólstæðingi sínum til aðstoðar á mótinu. Maðurinn, sem er heyrnaraskertur, braut þar á ungu konunni, svo og annarri heyrnarlausri og þroskaheftri konu, með kynferðislegri misnotkun.

Félagsþjónustun í Kópavogi útvegaði konunni liðsmanninn, samkvæmt ábendingu frá Félagi heyrnarlausra. Viðkomandi starfsmönnum félagsþjónustunnar var gert viðvart um misnotkunina. Önnur konan hefur verið í ráðgjafarviðtolum eftir atburðinn.

Annað atvik varð svo í septem-
ember þegar heyrnarlaus maður

hélzt upp á afmæli sitt. Í veislunni var hópur heyrnarlausra karlmannna, sem og ungu konurnar tvær. Þær var klámefní sýnt og mennirnir höfðu uppi kynferðislegt athæfi gagnvart konunum.

Fréttablaðið hafði samband við Berglindi Stefánsdóttur, fyrrverandi formann Félags heyrnarlausra, sem halddi hefur utan um rannsókn á kynferðisbrotum gegn heyrnarlausum. Hún kveður málín hafa komið inn á sitt bord og staðfestir að hún hafi hitt annað hinna meintu fórnarlamba, sem staðfest hafið bau. Hún kveðst hafa vísað þessum málum áfram til þeirra

sem eigi að hafa með þau að gera. Þau hafa ekki verið kærð til lögreglu.

Haukur Vilhjálmsson, stjórnarmaður og starfsmaður Félags heyrnarlausra, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Formaður og framkvæmdastjóri félagsins eru í útlöndum. Ekki náðist í félagsmálastjóra Kópavogsbaðar.

Konurnar munu báðar hafa verið mjög miður sín eftir þessa atburði, að því er Fréttablaðinu hefur verið tjáð, og glíma við andlega erfiðleika vegna þeirra.

- jss



TAKTISSIR HERMENN Fjöldi ungra kvenna gekk í takt á mikilli hersýningu á torgi Kims Il Song í Pyongyang í Norður-Kóreu í gær. Sýningin var haldin til að fagna 75 ára afmæli alþýðuhers Kóreu. Sonur og arftaki Kims Il á leiðtogaðóli, Kim Jong Il, fylgdist með marseringunni.

West Ham sektað um 709 milljónir króna en sleppur við frekari refsingu:

Léttir að sleppa við stigafrádrátt

FÓTBOLTI „Aðalmálið er að það voru ekki tekin af okkur stig. Það er langstærsta atriðið,“ sagði Eggert Magnússon, stjórnarformaður enska fótbaltaðsins West ham, sem í gær var sektað um jafnvirði 709 milljóna íslenskra króna.

Félagið var dæmt vegna ólöglegra félagaskipta argentísku leikmannanna Carlos Tévez og Javier Mascherano. Skiptin urðu í ágúst, áður en eignarhaldsfélag Björðgöf Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar keypti fótbaltaðið.

Samningsréttur leikmannanna er að hluta til í eigu þriðja aðila og var West Ham fundið sekt um að leyna mikilvægum skjölum um félagaskiptin. Mascherano leikur nú með Liverpool en vilji West Ham nota Tevez áfram þarf hann að semja við félagið upp á nýtt.

„Það er alveg ljóst að þessir hlutir gerðust áður en við komum að klúbbnum og munum við því skoða okkar mál mjög vel,“ sagði Eggert um framhaldið en West Ham getur áfrýjað dónum. „Það er ekki víst hvort við áfrýjum, við ætlum að anda rólega fyrist um sinn.“

West Ham standur í harðri fallaráttu í ensku úrvalsdeildinni en liðið mætir Wigan í dag. „Petta er mikill léttir og mikilvægt að vita að við getum nú spilað við Wigan og vitað að þetta sé enn í okkar höndum. Ég er alltaf bjartsýnn og hef trú á mínu liði,“ sagði Eggert. Þrjár umferðir eru eftir í deildinni og er West Ham í næstneðsta sæti með 32 stig.

Sektin er sú langhæsta í sögu ensku úrvalsdeildarinnar og sló met Tottenham frá 1994 er félagið var sektað um 193 milljónir.

- esá

Stjórnarskiptin í Glitni:

Porsteinn í Kók bankaformaður

FJÁRMÁLAMARKAÐUR Talið er öruggt að Porsteinn M. Jónsson, formaður stjórnar kókverksmiðjunnar Vífells, taki við formennsku í stjórn Glitnis þegar ný stjórn bankans tekur þar við valdataumum í dag. Porsteinn er einn briggja fulltrúa FL Group í stjórn Glitnis. FL



Group á 32 prósent í bankanum og er stærsti einstaki hluthafinn eftir nýleg viðskipti. Stjórn bankans er skipuð sjö mönnum. Aðrir fulltrúar FL Group í stjórn Glitnis verða Skarphéðinn Berg Steinarson, formaður stjórnar FL Group, og Jón Sigurðsson, aðstoðarforstjóri FL Group. Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason ganga úr stjórninni. - gar

Árangur áfram - ekkert stopp



framsokn.is
KB 2007
Framsókn

**MILLJÓN KRÓNA FRÍTEKJUMARK
FYRIR ÖRYRKJA**

www.xf.is



Fríðslyndi flokkurinn



Ágúst, á ekki bara að skikka þessa menn á þírhjól?

„Ja, þegar allt annað þýtur þá er það kannski bara málid.“

Ný og hert viðurlög við umferðarlagabrotum tóku gildi í gær. Með þeim verður hægt að skilka unga ökufanta aftur í bilþróf og gera ókutæki síbrotamanna í umferðinni upptæk. Ágúst Mogen sen er forstöðumáldur rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Könnun Lýðheilsustöðvar:
75 prósent fylgjandi reykbanni

HEILBRIGDISMÁL 75 prósent Íslendinga eru hlynnt eða frekar hlynnt reyklausum veitinga- og skemmtistöðum, samkvæmt könnun sem Lýðheilsustöð lét Capacent Gallup gera fyrir sig nýverið. Það er töluverð aukning frá sambærilegri könnun sem var gerð fyrir tveimur árum, en þá sögðust um sextíu prósent aðspurðra vera hlynnt eða frekar hlynnt reykabanninu.

Í fréttatilkynningu frá Lýðheilsustöð kemur fram að tæplega nútíu prósent svarenda segjast mundu fara jafn oft eða oftar á veitinga- og skemmtistaði þótt þeir væru reyklausir, sem er svipað hlutfall og árið 2005. - psj

Pungt haldinn á LSH:

Maður fannst í blóði sínu

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á sextugsaldri fannst í blóði sínu í húsi í Hveragerði á sjötta tímanum í gær. Maðurinn var fluttur á bráðamóttóku Landspítalans eftir að lögrellu barst tilkynning um málid. Samkvæmt upplýsingum læknis í gærkvöld var maðurinn mjög þungt haldinn. Hann vildi ekkert segja um eðli áverkanna. Ekkir var upplýst hvort talið væri að um slys væri að ræða eða hvort grunur væri um að manninum hafi verið veittir áverkar af ásettu ráði en tæknideild Lögreglu höfuðborgarsvæðisins var kölluð til aðstoðar. Maðurinn býr í Hveragerði ásamt sambýliskonu sinni. - gar

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Hættir 1. júlí

Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, hefur beðist lausnar frá starfi sínu eigi síðar en 1. júlí. Ingibjörg var skipuð til fimm ára og verður því hálfnuð með sitt skipunartímabil þegar hún hættir.

48 af 60 starfsmönnum Bakkavíkur á Bolungarvík sagt upp störfum:

Sárt en höfum séð það svartara

BOLUNGARVÍK 48 af 60 starfsmönnum í landvinnslu Bakkavíkur á Bolungarvík hefur verið sagt upp störfum. Fyrirtækið segir ástæður uppsagnanna vera erfiðan rekstur rækjuvinnslu á undanförnum árum, en erfiðlega hefur reynst að afla hráefnis fyrir vinnsluna. Í tilkynningu frá félaginu segir að stjórnendur félagsins vonist þó til þess að að það takist að afla hráefnis á ný svo að vinnsla geti hafist aftur.

Grímur Atlasson, bæjarstjóri á Bolungarvík, segir tíðindin vissulega sár, en að Bolvikingar hafi séð það svartara. „Petta hefur verið í kortunum hjá þeim í nokk-



BOLUNGARVÍK Grímur Atlasson bæjarstjóri segir enga uppgjöf í Bolvikingum.

urn tíma, þannig að þetta kom svo sem ekkert mjög á óvart. Það hafa verið erfiðleikar í rækju-

vinnslunni hjá þeim líkt og annars staðar. En það er náttúrlega ekki ljóst hvenær af þessum uppsögnum verður og við vonum að sem fæstir muni á endanum missa vinnuna.“

Grímur segir þó enga uppgjöf í Bolvikingum. „Hjá okkur er ekki eftir annað að gera en að spýta í lófana og hraða framkvæðum á okkar vegum. Það hefur kannski verið þensla alls staðar annars staðar á landinu en það hefur ekki verið þensla hjá okkur. Ólíkt ríkisstjórninni teljum við að það eigi að gefa í í kreppum og draga saman í þenslu. Það er það sem við ætlum að gera, gefa í.“ - psj

Framboð Baráttusamtakanna:

Of sein að skila framboðslistum

STJÓRNMÁL Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja skiluðu framboðslista í einu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, áður en framboðsfrestur rann út á hádegi í gær. Rúmum klukkutíma síðar skiluðu samtökum framboðsgögnum í Reykjavík suður.

Yfirkjörstjórn ákveður í dag hvort gögnin verða samþykkt.

Arndís Björnsdóttir, talksona Baráttusamtakanna, sagði í gær lista tilbúna í öllum kjördæmum en ekki hefði tekist að leggja þá fram fyrir hádegi vegna tæknilegra vandamála. Einnig hefði verið erfitt að ná í kjörstjórnar-menn. - sdg

Fékk meldingar og ræddi ekki Palestínu

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra undrast að Geir H. Haarde forsætisráðherra taki ekki afstöðu til samskipta við Palestínu þó að málid hafi ekki verið rætt í ríkisstjórn. Hún hafi fengið meldingar um málid úr forsætisráðuneytinu.

STJÓRNMÁL Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, segist ekki hafa séð tilgang í því að ræða samskipti Íslands og Palestínu í ríkisstjórn Íslands þar sem hún hafi fengið „ákvæðar meldingar úr forsætisráðuneytinu“.

Valgerður segir „athyglisvert“ að Geir H. Haarde forsætisráðherra útiloki ekki í samtölum við fjölmörla að koma á slikum samskiptum. Ef gefið sé í skyn að það eina sem hindri framgang málins sé að það hafi ekki verið tekið upp í ríkisstórn, verði slíkt einfaldlega gert. Ríkisstjórnarfundir séu stopulir í kosningabaráttunni en Valgerður heitir því að ræða málid par fyrir kosningar.

Geir H. Haarde sagði á blaðamannafundi á fimmtudag að hann vildi fara varlega í málid. „Ég get bara sagt það að þetta hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn og ef það ætti að taka einhverja nýja stefnu í þessu þá byrfti slíkt mál að ræða þar og síðan í utanríkismálaneftnd. En það er auðvitað hverjum frjálst að segja það sem honum finnst. Það er bara ekki tímabært að taka afstöðu til þess.“

Um frumkvæði Norðmanna, að koma á stjórnmalasambandi við Palestínunum, ein Evrópuþjóða, segir Geir þá gjarnan fara sínar eigin leiðir í utanríkismálum. „Enda eru þeir gerendur á svo mórgum svíðum. Það skiptir málí að svæðinu hvað þeir gera,“ segir Geir. Afstaða Íslands skipti minna málí.

Leiðtogað stjórnarandstöðuflokkanna eru sammála hugmynd um utanríkisráðherra.



GEIR AFHENDIR VALGERÐI LYKLANA Geir H. Haarde afhendir Valgerði Sverrisdóttur lyklana að utanríkisráðuneytinu. Nú virðast þau ekki á einu málí um utanríkismálín.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingunni, telur fulla ástæðu til þessa og segir það matsatriði hver ástundi hryðjuverk og hver hernað á þessu svæði. „Væri farðið eftir því aðttum við ekki að hafa samband við neinn af þessum deiluaðilum fyrir botni Miðjarðarhafs.“

Steingrímur J. Sigfússon, VG, er „algjörlega sammála“ og telur að „Norðmenn eigi heiður skilið að sýna þann kjark að taka upp samskipti við Palestínunum“.

Guðjón Arnar Kristjánsson,

Frjálslynda flokknum, segir „sjálf-gefið“ að styðja tillögu Valgerðar, svo fremi sem það geti orðið til þess að styðja við friðarferlið í Mið-Austurlöndum. „Ég held að við eignum akkúrat að nota utanríkismáljónustuna til að hafa áhrif til friðar í heiminum.“

Ómar Ragnarsson í Íslands-hreyfingu telur eðlilegt að hafa samskipti við bæði Palestínunum og Ísraela. „Það er eina leiðin sem er fær út úr klemmunni á svæðinu,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is

Ákærður fyrir héraðsdómi: Hótaði sýslumanní lífláti

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hóta sýslumanní lífláti.

Maðurinn hótaði sýslumanninum, sem er kona, í október á síðasta ári. Hann hringdi tvívegis á heimili hennar að kvöldlagi vegna skyldustarfa hennar og hótaði henni lífláti. Hann létt meðal annars þau orð falla að hann ætlaði að nota two grimma hunda til verksins.

Maðurinn er ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni. - jss

Stjórnvöld í Írak:

Gagnrýna þing Bandaríkjanna

ÍRAK Íraksstjórn gagnrýnir Bandaríkjapengi harðlega fyrir að hafa samþykkt frumvarp um að kalla bandarískan herafla heim frá Írak. Samkvæmt frumvarpinu hefst brottflutningur heraflans 1. október næstkomandi og skal lokið 31. mars árið 2008, að því er fréttavefur BBC greinir frá.

Talsmaður Íraksstjórnar, Ali al-Dabbagh, segir of snemmt að byrja að draga heraflann heim 1. október og að það „sendi röng skilaboð“ til vopnaðra uppreisnarmanna.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur lýst því yfir að hann muni beita neitunarvaldi á lagafrumvarpið. Þó að demokratar hafi meirihluta í báðum þingdeildum er atkvæðamagnið ekki nóg mikið til að fara framhjá neitunarvaldi forseta. - sdg

ALI AL-DABBAGH Talsmaður Íraksstjórnar Guðlaugur Þór Þórðarson stjórnarformaður segir fyrirtækið vilja leggja sitt af mörkum til að sæstrengurinn verði lagður sem fyrst.

Ísland góður staður fyrir netþjónabú, segir stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur: Vilja vera með í lagningu sæstrengs



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR Guðlaugur Þór Þórðarson stjórnarformaður segir fyrirtækið vilja leggja sitt af mörkum til að sæstrengurinn verði lagður sem fyrst.

„Það er okkur í hag að þessi markaður stækki því þá höfum við aukinn möguleika að selja okkar orku,“ segir Guðlaugur. Málið sé þó enn á frumstigi og ekki ljóst hvernig Orkuveitan muni koma að verkefninu.

Sæstrengurinn umræddi verður að öllum líkendum lagður sumarið 2008 og tekinn í notkun í lok sama árs. Tveir sæstrengir tengja Ísland við umheiminn eins og er: Cantat-3 og Farice-1. - sjs

BÍLL DAGSINS

FORD FOCUS TREND

Nýskr. 12.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 26 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Pallaefni í miklu úrvali



Pallaefni, gagnvarið **120** kr/m
21x95mm
lengdir 1,8 - 4,5 m
621601

Pallaefni, gagnvarið **175** kr/m
28x95mm
lengdir 2,1 - 4,5 m
628601

Pallaefni, gagnvarið **217** kr/m
48x98mm
lengdir 1,8 - 4,5 m
648601

Pallaefni, gagnvarið **331** kr/m
48x148mm
lengdir 1,8 - 4,5 m
648801

Pallaefni, gangvarið **434** kr/m
98x98mm
698600

Sælureitinn finnur þú í Húsasmiðjunni

Nýr og glæsilegur Sælureitur

Vantar þig bækling?

- Þú getur nálgast eintak í næstu verslun
- Þú getur skoðað hann á www.husa.is
- Þú getur pantað **frítt** eintak á www.husa.is



Hleðslustaur
100x120 sm, L 240 sm.
600062

1.490 kr/stk

385 kr/m

Harðviðar pallklæðning
19x90mm
rifflað öðrum megin slétt hinum megin
601200

690 kr/m

Harðviðar pallklæðning
21x145mm
rifflað báðum megin
600900

4.995

Gori 44
Hálfgegnsæ viðarvörn á allt timbur og er sérstaklega ætluð á heflaðar klæðningar. Fæst í 11 staðallitum ásamt glæru. Fæst einnig í 0,75 ltr.
7042320



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GARDPLÖNTUSALAN HAFIN!

Fyrir vndláta...



SKRAUTSTEINAR



YFIR BEDIN
KERIN
GANGSTÍGA
TJARNIR
Á LEIÐI
OG MARGT FLEIRA

TILBOD!

JAVA Garðhúsgögn



**ALLT Í GARDINN
Á EINUM STAÐ!**



TILBOD!

TILBOD!

Viking rafmagnshekkklippur



TILBOD!

Áburðardreifari

Earthway
áburðardreifari
jafnari dreifing
auðveldar vinnu



TILBOD!

Moltukassi



**GÓÐ RÁÐ
GARDHEIMA:**

CASORON

Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg: 1 kg. dugar á ca. 100 m².



heimur heillandi hluta og hugmynda



**GÓÐ RÁÐ
GARDHEIMA:**

Mosi í grasflötini?

1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa
2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²
3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum
4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra
5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²



Að efla varnir gegn barnaklámi á netinu?

JÁ	94,1%
NEI	5,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Að stofna heimili fyrir heimilislusa menn á Njálgötu 74?

Segdu þína skoðun á visir.is

VISIR

Einar K. Guðfinnsson:

Umhverfismerki nauðsyn

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir það aðeins tímaspursmál hvenær íslenskar sjávarafurðir verði merktar sérstóku umhverfismerki. Merkið er hugsað til að styrkja stöðu íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum.

Þetta kom fram í ræðu hans við upphaf 66. Fiskipings í gær.

Fiskifélag Íslands vinnur að undirbúningi sliks umhverfismerkis. Einar segir verkefnioð ekki vandalaust og það muni hafa áhrif á stefnumótum um auðlindanýtingu Íslands. Umhverfismerkur tengist náið nýrri gagnaveitu um haf og sjávarútveg sem þróuð er af fyrirtækinu Forsvari á Hvammstanga og Háskólanum á Akureyri.

- shá

Frambjóðendur demókrata:
Varkární í fyrstu kappræðunum

BANDARÍKIN, AP Frambjóðendurnir átta sem sækjast eftir forsetatilnefningu Demókratflokkssins mættust í fyrstu kappræðunum á fimmtudagskvöldi.

Varkární einkenndi kappræðurnar og gengu hrósyrðin á víxl meðal keppinautanna þó að Hillary Clinton og Barack Obama, sem eru talin sigurstranglegust, hefðu fengið á sig nokkrar stungur.

Frambjóðendurnir vörðu mestum tíma sínum í að útskýra stefnu sína og hvernig þeir hygðust stjórna landinu fengju þeir til bess umboð. Allir sameinuðust þeir í gagnrýni sinni á núverandi forseta, repúblikann George W. Bush.

- sdg

Rússar fengu engu framgengt

OSLÓ

AP Atlantshafssbandalagið ætlar ekki að láta Rússa kúga sig til að fallast á samning um takmörkun á hefðbundnum vopnum í Evrópu, þrátt fyrir hótanir Rússa um að virða ekki þennan sama samning.

Þetta sagði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Nató, undir lokin á tveggja daga fundi utanríkisráðherra bandalagsins í Osló í gær.

Vladimir Pútín Rússlandsforseti segir að Rússar muni ekki framfylgja ákvæðum samningsins fyrr en Natórikin geri slíkt hið sama, en þau vilja ekki staðfesta samninginn fyrr en Rússar hafa

dregið herlið sitt frá Moldóvu og Georgíu.

„Það er engin breyting og það verður engin breyting á afstöðu bandalagsríkjanna,“ sagði de Hoop Scheffer í gær.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sat fundinn fyrir Íslands hönd og lagði meðal annars áherslu á að samráð yrði haft við Rússu um fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna í Póllandí og Tékklandí.

A fundinum var samþykkt að næsti leiðtogafundur Nató yrði haldinn í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, vorið 2008. Rúmenía fékk aðild að Nató árið 2004 ásamt



TÁRAGAS Í OSLÓ Hópur mótmælenda safnaðist saman í Osló til að mótmæla ráðherrafundi Nató.

FRÉTTABLAÐID/AP

sex öðrum ríkjum. Búist er við því að á næsta leiðtogaundi verði Albaníu, Makedóníu og Króatiu boðin aðild.

- gb

Bandarískur framhaldsskólanemi:

Handtekinn vegna ritgerðar

BANDARÍKIN, AP Átján ára framhaldsskólanemi í Illinois í Bandaríkjunum, Allen Lee að nafni, var handtekinn fyrir að skila inn ritgerð sem yfirvöld segja ofbeldisfulla og truflandi.

„Í síðustu setningunni sagði ég að kennsluaðferðin kennarans gætu leitt til skotárásar í skólanum,“ sagði Lee og batti við að ritgerðin hefði verið skrifuð í gríni.

Lee hefur verið vísað úr skólanum og á yfir höfði sér ákeru fyrir ósæmilegt framferði.

Honum var sleppt úr haldi lögreglu gegn fimm þúsund króna tryggingu og að mæta fyrir rétt 18. júní.

- sdg

Fast lóðaverð og reglulega úthlutað

Yfir þúsund lóðum verður úthlutað reglulega á ári í Reykjavík næstu árin. Lóðaverðið verður fast. Borgarbúar geta sótt um lóðir í Úlfarsárdal suður í maí og fylgst með úthlutun á netinu. Lúxusíbúðir miðsvæðis koma fljóttlega á vefinn.



NÝ LÓÐAVEFURINN KYNTUR Minnst eitt þúsund íbúðum verður úthlutað í nýjum hverfum og fimm hundrað í miðborginni og nágrenni á ári næstu árin. Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, segir að borgarbúar sækji um á netinu og velji sér hverfi. Hér sést hún við kynningu á nýja vefnum.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

og þeir sem eru dregnir fyrstir velja fyrstir. Fái umsækjandi ekki lóð getur hann sótt um í öðru hverfi. Ekki er hægt að sækja um einstaka lóð, aðeins einbýlis-, raðhús, parhús eða fjölbýli.“

Boðið verður upp á lúxusíbúðir nálægt miðju borgarinnar, til dæmis á Slippasvæði. Birgir H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá borginni, segir að íbúðirnar verði stórar og flottar. „Lúxusíbúðirnar

hafa öll þægindi og verða eins og einbýli í fjölbýli með bílastæði og tvær íbúðir á hæð í húsi, stórir gluggar og fallegt útsýni. Þetta er svipad og í stórborgum vísá erlendis bar sem menn vilja búa miðsvæðis en hafa þau þægindi sem úthverfin bjóða upp á.“

Á næstunni verður svipuð þjónusta sett upp fyrir fyrirtæki, eldri borgara og námsmenn.

ghs@frettabladid.is

Heilbrigðisstofnun Austurlands og Impregilo sendu út sameiginlega yfirlýsing:

Segja að listanum verði skilað

KÁRAHNJÚKAR Lista með nöfnum 180 starfsmanna í aðrennslisgögum Kárahnjúkavirkjunar sem hafa veikst á undanförnum vikum verður skilað til framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA). Þetta kemur fram í sameiginlegri yfirlýsing HSA og Impregilo sem send var fjölmöðlum í gær í kjölfar fundar sem aðilar málsins héldu á fimmtudag.

Grunur leikur á um að mengun sé svo mikil á tilteknun svæðum í göngunum að hún geti mögulega verið orsök veikinda starfsmannana.

Vinna í göngunum var stöðvuð á þriðjudag eftir að fjórir starfsmenn höfðu komið á heilsugæsluna á Kárahnjúkum með veruleg einkenni eitrunnar. Í yfirlýsingunni segir að henni verði ekki halddi áfram fyrr en tekist hafi að leysa vandann.

Þorsteinn Njálsson, yfirlæknir á Kárahnjúkum, gerði listann með



ADRENNSLISGÖNG Impregilo ætlar að skila lista með 180 nöfnum starfsmanna í göngunum sem hafa veikst frá 10. apríl síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐID/GUNNAR GUNNARSSON

nöfnum 180. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag að listanum hefði verið stolið og hann afhentur Impregilo. Í yfirlýsingunni segir að það hafi verið afar óheppilegt og andstætt regl-

- þsj

JÓN ÁSGEIR OG AFMÆLISVEISLAN



Í tilefni af útkomu bókarinnar Jón Ásgair og afmælisveislan er þér boðið í rjómatertu í Bokabúð Máls og menningar. Veislan er á milli kl. 15:00 og 17:00 laugardaginn 28. apríl.

Hlökkum mikið til að sjá þig!

opíð til kl. 22.00 öll kvöld

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Samfylkingin

Rokk gegn biðlistum!

Baggalútur Sprengjuhöllin Ske o.fl. o.fl.

Stórtónleikar á NASA í kvöld kl. 21 Frítt inn!

um að listinn hafi borist í hendur stjórnenda fyrirtækisins. Ekkert liggi þó fyrir sem sanni ásakanir um að stjórnendur Impregilo hafi látið starfsmann sinn taka listann.

- þsj



Met þátttaka í hönnunarkeppni

Frábærar viðtökur voru við hönnunarkeppni Hagkaupa sem haldin var í fyrsta skipti í fyrra. Síðastliðið haust kom í sölu í Hagkaupum fatalína frá sigurvegaranum Sunnu Dögg Ásgeirsdóttur og einnig barnafatalína frá Helgu Ólafsdóttur sem varð í öðru sæti.

Í byrjun þessa árs stóðu Hagkaup fyrir annarri hönnunarkeppni. Úrslitin verða kynnt í Smáralind fyrir framan verslun Hagkaupa kl:17:00 í dag laugardaginn 28. apríl.

Markmiðið með keppninni er að styðja við bakið á íslenskum fatahönnuðum og gera þeim kleift að koma vörum sínum á framfæri.

Áhugi er mikill á hönnun hér á landi en yfir 300 hugmyndir bárust í keppnina. Keppt var í hönnun á grafík til að prenta á fatnað fyrir alla aldurshópa og selja í verslunum Hagkaupa.

Eftirtaldir hönnuðir hafa verið valdir í undanúrslit og munu þeir sýna verk sín í Smáralind:

- | | |
|-----------------------------|------------------------------------|
| • Birna Einarsdóttir | • Magnús Þór Einarsson |
| • Borghildur Ína Sölvdóttir | • Óskar Örn Arnarsson |
| • Daníel Sigurðsson | • Rögnvaldur Skúlason |
| • Elísabet Jónsdóttir | • Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson |
| • Eva Dögg Óskarsdóttir | • Guðný Hrönn Antonsdóttir og |
| • Íris Auður Jónsdóttir | • Þorvaldur Jónsson |

Allir sem komast í úrslit eiga möguleika á að þeirra vörur verði framleiddar og seldar.

Veitt verða þrenn verðlaun:

1. Verðlaun	150.000
2. Verðlaun	100.000
3. Verðlaun	70.000

Vinningshafinn fær, ásamt peningaverðlaunum, að aðstoða við framleiðslu á sinni hönnun. Hagkaup kynna hönnuðinn og hönnun hans í Hagkaupsblaðinu og öðrum miðlum. Vörurnar verða til sölu í Hagkaupum næsta veturni undir vörumerki hönnuðarins.

Framkvæmdastjóri keppninnar er Hildur Guðný Guðlaugsdóttir innkaupamaður hjá Hagkaupum.

Í dómnefnd eru:

Erpur Eyvindarson, listamaður
Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, sigurvegari í fyrra
Sigríður Gröndal, innkaupastjóri sérvöru Hagkaupa
Herdís Hrönn Árnadóttir, fatahönnuður hjá Hagkaupum
Olga Gunnarsdóttir, fatahönnuður hjá Hagkaupum
Valgerður Helga Schopka, fatahönnuður hjá Hagkaupum

Hagkaup þakka fyrir góðar viðtökur og óska þeim sem komust í úrslit til hamingju.

HAGKAUP
skemmtilegast að versla

Ferð þú á úrslitaleikinn?

Taktu þátt í UEFA Champions League Final SMS leik Vodafone og Sýnar og þú gætir verið á Leiðinni til Áþenu í maí.

Hvaða lið keppa til úrslita í UEFA Champions League Final?

Manchester United FC / Chelsea FC
Sendu SMS: UCL A í síma 1900

Manchester United FC / Liverpool FC
Sendu SMS: UCL B í síma 1900

AC Milan / Chelsea FC
Sendu SMS: UCL C í síma 1900

AC Milan / Liverpool FC
Sendu SMS: UCL D í síma 1900

Dregið verður úr réttum svörum 10. maí.
Tveir getspakir vinningshafar fá miða fyrir tvo á úrslitaleikinn í Áþenu 23. maí, njóta gestrisni Vodafone á svæðinu ásamt hótelgistingar, flugs og ferða til og frá flugvelli.

Verð á skeiti er 99 kr.

Gríptu augnablikíð og lifðu núna



Óeirðir í Eistlandi þegar minnismerki frá Sovéttímanum var tekið niður:

Rússar hóta refsiaðgerðum

EISTLAND, AP Litlu munaði að Rússar slitu stjórnálásambandi við Eistland í gær eftir að eistnesk stjórnvöld höfðu látið taka niður umdeilt minnismerki frá Sovéttímanum í Tallin, höfuðborg Eistlands. Óeirðir brutust út í Tallin þegar fólk safnaðist þar saman til að mótmæla flutningi minnismerkisins.

Að rússneska þinginu var einróma samþykkt að hvetja stjórnvöld til að beita Eistland efnahagslegum og stjórnálalegum refsiaðgerðum. Forseti Eistlands hvatti hins vegar fólk til þess að sýna stillingu.

Einn maður lést og tugir særð-



ÓEIRÐIR Í TALLIN Tugir manna særðust og einn lét lífið í átokum lögreglu og mótmælenda.

FRÉTTABLAÐID/AP

ust í óeirðunum, sem brutust út í Tallin þegar fólk safnaðist þar saman til að mótmæla flutningi

minnismerkisins. Óeirðirnar eru bær verstu í landinu frá því að það sleit tengslin við Sovétríkin árið 1991. Um 300 manns voru handteknir.

Priðjungur íbúa landsins er af rússneskum uppruna. Stærstur hluti þess hóps lítur svo á að minnismerkið hafi verið helgað rússneskum hermónnum sem fórnuðu lífi sínu í striðinu gegn þýskum nasistum og frelsuðu Eystrasaltsríkin undan oki nasismans.

Eistneskumælandi íbúar landsins tengja minnismerkið hins vegar frekar við kúgunartímabil sovéska yfirráða og vildu fá það burt úr miðbænum.

- gb

Eigur stjórnálaflokkanna fá ekki að vera í friði fyrir skemmdarvörgum:
Rúður brotnar og krotað á skilti

SKEMMDARVERK Auglýsingaskilti framsóknarmanna á Egilsstöðum var eyðilagt með kroti aðfaranótt miðvikudagsins. Þessa sömu nótt var flösku kastað í rúðu á aðalskrifstofu Frjálslynda flokksins í Reykjavík.

„Sennilega er þetta einhver sem hefur viljað skrá sig í flokinn eins og fljótt og mögulega en ekki mætt á staðinn á réttum tíma sólarhringssins,“ segir Ólafur Snævar Ógmundsson, starfsmaður á aðalskrifstofu Frjálslynda flokksins við Aðalstræti í Reykjavík. Hann segir erfitt að segja til um hvort þar hafi verið um tilvilmjana-kennt skemmdarverk að ræða eða skemmdarvargarnir hafi verið ósáttir við steffnu flokksins.

„Þetta er það eina sem var skemmt hér í grenndinni svo mig grunar að þetta beinist gegn okkur. Fólk hefur misjafnar skoðanir en



BROTIN RÚÐA Guðjón Arnar, formaður Frjálslynda flokksins, og Ólafur Snævar virða fyrir sér rúðuna sem var brotin.

það er algjörlega óviðunandi að menn skemmi eigur annarra til þess að koma skoðunum sínum á framfæri,“ segir Ólafur.

Jón Björn Hákonarson, sem skipar fimmsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, tekur í sama streng en skilti flokksins á Egilsstöðum var skemmt með



SKILTÍ FRAMSÓKNARFLOKKINS „Damnation“ hefur verið krotað á skilti flokksins á Egilsstöðum. Áletrunin er slagorð sem erlendir virkjanaanstandæðingar hafa stundum notað.

veggjakroti. „Það er dapurlegt að menn skuli fara niður á þetta plan,“ segir Jón. Skilti flokksins hafa áður orðið fyrir áreiti skemmdarvarga. „Um daginn var límdur límmiði frá Vinstri grænum yfir andlit Valgerðar,“ segir Jón. Hann efast þó um að skemmdarvargarnir komi úr herbúðum Vinstri grænna. - gb

Létt spjall

Framsókn í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardaga kl. 11:00-13:00 fram að kosningum í Skógarhlíð 20 (Ýmishúsini).

Líttu við og hittu frambjóðendur!

Alþjóðaveisla - Multicultural Feast

Alþjóðaveisla verður í dag 28. apríl kl. 17:00-19:00 í Skógarhlíð 20 (Ýmir). Fjölbreyttar veitingar og skemmtiatriði.

Multicultural Feast today April 28th at 5 pm to 7 pm at Skógarhlíð 20 (Ýmir). Various food from different countries and entertainment.

Allir velkomnir - Welcome!

Kosningaskrifstofa í Reykjavík, Skógarhlíð 20, 105 Reykjavík, sími: 582 9499, reykjavík@framsokn.is

Framsókn



Samfylkingin

Ókeypis námsbækur í framhaldsskólum



Björgvin G. Sigurðsson, 1. sæti suðurkjördæmi

Kristrún Heimisdóttir, 5. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður



FÓTBOLTAFÁR taktu þátt í því !

**Skráðu þig í Fótboltaklúbb MasterCard á kreditkort.is,
notaðu MasterCard® kortið þitt og þú gætir verið á leið á
úrslitaleik UEFA Champions League í Áþenu 23. maí!**

Skráðu þig í Fótboltaklúbb MasterCard og notaðu MasterCard kortið þitt frá 15. mars - 30. apríl og þú gætir unnið það sem alla fótbaltaáhugamenn dreymir um:
Ferð fyrir tvo á úrslitaleik UEFA Champions League í Áþenu 23. maí 2007.

Í hvert skipti sem félagi í Fótboltaklúbbi MasterCard notar MasterCard kortið sitt á tímabilinu fer nafn hans í pottinn sem vinningarnir verða dregnir út. Því oftar sem þú notar MasterCard kortið þitt, því meiri líkur á að þú farir á úrslitaleikinn!

Meira á www.kreditkort.is.



Ferð, gistiing og miðar í boði MasterCard.



UTANKJÖRSTAÐASKRIFSTOFA SJÁLFSTÆDISFLOKKSSINS

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 2. hæð, 105 Reykjavík
Símar: 515 1735 og 898 1720, fax: 515 1717
Netfang: oskar@xd.is

Utankjörfundarvatkvæðagreiðsla vegna alþingis
kosninganna 12. maí nk. er hafin.

Kosið er hjá sýslumönnum um allt land.
Í Reykjavík er kosið í anddyri Laugardalshallarinnar
alla daga kl. 10.00 - 22.00.

Erlendis er kosið í sendiráðum Íslands og hjá mörgum ræðismönnum. Einnig er kosið á sjúrahúsum og öldrunarstofnunum skv. sérstökum auglýsingum þar um.

Munið að hafa skilríki meðferðis.

Utankjörstaðaskrifstofan veitir allar upplýsingar og aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasiðu Sjálfstædisflokkssins www.xd.is og á upplýsingavef dómsmálaráðuneytisins www.kosning.is

Sjálfstædisfólk!

Látið okkur vita um stuðningsmenn
sem ekki verða heima á kjördag, t.d.
námsfólk erlendis.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

120¹⁸⁸⁶

Við lánum þér
90%
af markaðsvirði
fyrstu eignar

- 90% lán af markaðsvirði við kaup á fyrstu eign*
- 100% lán af markaðsvirði að 4,95% vöxtum degn viðbótarvört*
- Námslokalan
- Yfirláttartán að LIN viðnum i 2 ár
- 90% tilalán og 50% afsláttur af lántökugjöldum hjá SP-Fjarmagnun
- Motframlag við regluþundið sparnað
- Fritt kreditkort
- Innogöngujof - 20.000 vildarpunktar eða 20.000 kr. ferðaávisun

Þú færð nánari upplýsingar á landsbanki.is,
í síma 410 4000 eða í næsta útbúi Landsbankans.

* Umseinkendur eru ógildir að standardeftirlitum við bankann.

Konur á Njálsgötu verja heimilislausa

Prjár konur sem búa gegnt fyrirhuguðu heimili fyrir heimilislausa á Njálsgötu segja það þróngsýni, egingirni og fordómafult að hafna starfseminni. Andstæðingar heimilisins segja hins vegar undirskriftasöfnun gegn því ganga vel.

FÉLAGSMÁL „Það að hafna heimilislausum á Njálsgötuna teljum við vera þróngsýnt, egingjarnt og fordómafult sjónarmið,“ segja bær Kristín Helga Káradóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir. Þær búa á Njálsgötu 75, gegnt fyrirhuguðu heimili fyrir heimilislausa.

Kristín segir að auc þeirra Hildigunnar telji Ingibjörg R. Ingadóttir, sem einnig býr í húsinu, að bjóða beri velkomna væntanlega íbúa á nýja heimilinu. Þær skrifuðu því ekki undir bréf sem 70 aðrir íbúar við götunna höfðu ritað undir í fyrrakvöld þar sem heimilinu á Njálsgötu 74 er mótmælt.

„Heimilislausir eru jafn réttaháir í samfélaginu og við sem eignum heimili og þeir eiga jafnan rétt og við hin til að búa hvor sem er. Þær forsendur sem mótmælendur gefa sér í málínus eiga að öllum líkendum ekki eftir að standast. Börnum nágrennisins mun líklega ekki stafa ógn af þessu fólki



MÓTMÆLENDUR Þessi hópur safnar undirskriftum gegn heimili fyrir heimilislausa á Njálsgötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



KRISTÍN HELGA KÁRADÓTTIR OG HILDIGUNNUR HALLDÓRSDÓTTIR „Er ein tegund fólks betri en önnur?“ sprayð konurnar á Njálsgötu 75. Í gula húsinu sem sést út um gluggann hjá Kristínu er tíu heimilislausum körlum ætlað að búa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og fasteignaverð mun ekki lækka. Fólk getur líka spurt sig að því hvort ein tegund fólks sé betri en önnur?“ segir Kristín sem telur það samfélagslega skyldu að hjálpa heimilislausum.

„Við fögnum því að vandi þessa fólks sé leystur og samgleðjumst þeim sem eignast húsaskjól hér á Njálsgötunni,“ segir Kristín sem hins vegar telur að borgaryfirvöld hefðu mátt standa betur að málínu. „Best hefði verið ef borgaryfirvöld hefðu boðað til fundar með íbúum nágrennisins. Upplýsingaleysi og lítið eða ekkert samráð við tilvonandi nágranna er auðvitað aldrei til bóta í svona málum.“

Sigfús P. Sigmundsson, einn aðstandenda undirskriftarsöfnunarinnar, segir langflesta í næsta nágrenni hafa skrifað undir. Söfnuninni verði haldd áfram fram yfir helgi. Hópurinn sé kominn með lögfræðing sem eigi að kanna réttarstöðu íbúanna á Njálsgötu.

„Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því,“ segir Sigfús.

gar@frettabladid.is

Varðan - út í lífi er þjónusta fyrir ungum fólk sem fókið hefur námi og er að koma undir sig fótunum.

120¹⁸⁸⁶

Við lánum þér
90%
af markaðsvirði
fyrstu eignar

- 90% lán af markaðsvirði við kaup á fyrstu eign*
- 100% lán af markaðsvirði að 4,95% vöxtum degn viðbótarvört*
- Námslokalan
- Yfirláttartán að LIN viðnum i 2 ár
- 90% tilalán og 50% afsláttur af lántökugjöldum hjá SP-Fjarmagnun
- Motframlag við regluþundið sparnað
- Fritt kreditkort
- Innogöngujof - 20.000 vildarpunktar eða 20.000 kr. ferðaávisun

Þú færð nánari upplýsingar á landsbanki.is, í síma 410 4000 eða í næsta útbúi Landsbankans.

* Umseinkendur eru ógildir að standardeftirlum við bankann.

Landsbankinn

Íbúakosning í Hafnarfirði:

Stækkun ávers enn á dagskrá

UMHVERFISMÁL Íbúakosningarnar í Hafnarfirði töfðu fyrir ákvörðuninni um að stækka áverið þar, en Dick Evans, forstjóri Alcan, er bjartsýnn á að fyrirtækinu takist að snúa almenningsálitinu.

„Svona stór verkefni verða oft fyrir svona töfum,“ segir Evans, sem telur kosninguna í Hafnarfirði ekki hafa verið bindandi.

„Nú þarfum við að athuga hvernig við getum aflað stuðnings innan samfélagsins, því við getum augljóslega ekki haldið áfram þegar helmingur fólksins hefur áhyggjur,“ sagði Evans. Þetta sagði hann á fundi um afkomu fyrirtækisins á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, sem haldinn var að þriðjudag.

- kóp



LEIFSSTÖÐ Rúmar tvær milljónir farþega fóru um stöðina á síðasta ári, rúmum 11 prósentum fleiri en árið áður.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.:
**Hagnaðist um
22 milljónir**

VIÐSKIPTI Eftir skatta nam hagnaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í fyrir 22 milljónum króna. Heildar tekjur námu tæpum 6,8 milljörðum, 570 milljónum meira en árið áður.

Greint var frá uppgjörinu á aðalfundi félagsins um miðja vikuna. Veltufé frá rekstri var rúmlega 2,3 milljarðar og jókst um tæpar 300 milljónir. Á árinu var f járfest fyrir fjóra milljarða í stækkun og breytingum á flugstöðinni.

Linda B. Bentsdóttir framkvæmdastjóri var kjörin formaður stjórnar FLE. Fráfarandi formaður, Gísli Guðmundsson, sem og Haraldur Johannessen stjórnarmaður gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. - óká

Launamál Bjarma BA-326:

Málið klárað fyrir þriðjudag

VINNUMARKADUR Gengið verður frá launamálum sjómannanna á Bjarma BA-326 í síðasta lagi á mánuðaginn, að sögn Hólmeirs Jónssonar, framkvæmdastjóra Sjómannasambandsins.

Hólmeir segir Níels Ársælsson útgerðarmann hafa brugðist vel við kröfum pólsku sjómannanna. „Við teljum okkur hafa leyst málið, það er bara smá bið í kerfinu. Ég er vongóður um að þetta klárist öðru hvorú megin við helgina,“ sagði hann í gær.


Pólværjarnir hafa verið verklausir og búið í bátnum síðan í janúar, eins og sagt var frá í Fréttablaðinu fyrr í mánuðinum.

- kóp

Nýtt happdrættisár - enn glæsilegri vinningar!



The pursuit of perfection



6xLexus GS 300

+ 6,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

6xHarley V-ROD

+ 3 milljónir
í bakpokann
á tvöfaldan miða!



Tryggðu þér miða!

Sýndu þinn stuðning við baráttuna fyrir bættum aðbúnaði aldraðra - þörfin er brýn.

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Hringdu núna í síma 561 7757 - Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI 
-vinningur í hverri viku



HAMBORGARAHELGÍ!

Ómotstæðilegu BBQ grillhamborgararnir okkar fást nú á aðeins 1150.- kr/kg Brauð fylgir með.



FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Jöfnuð og jafnvægi á oddinn

Jafnaðarflokcur þarf að komast til valda til að endurreisa velferðarkerfið, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Í samtal við Magnús Halldórsson leggur hún áherslu á að jöfnuður, frelsi og samábyrgð verði að nýju drifkraftar samfélagsins.

KOSNINGAR 2007

Þú hefur talað fyrir því að tími sé kominn á endurreisn velferðarkerfisins. Af hverju er Samfylkingunni best treystandi fyrir því verkefni?

„Vegna þess að Samfylkingin er klassískur jafnaðarflokcur sem heldur í hávegum grunngildum um velferðarsamfélagið, jöfnuð, frelsi og samábyrgð. Á þeim forsendum er það grundvallaratriði í okkar stefnu að velferðarkerfið sé heilsteypt, gott og öllum opid. Þannig verður til öryggisnet í samfélagini sem við viljum halda við. Við bessar aðstaður skapast kraftur í samfélagini, fólk verður ekki eins hrætt við breytingar og tilbúið að takast á við að leysa hin ýmsu vandamál. Við viljum endurreisa velferðarkerfið vegna þess að það eru augljós merki um að það hafi verið vanrækt. Það er óumdeilt að hér á landi hefur verið mikið góðæri undanfarin ár. Á þeim tínum hefði maður haldið að ríkisvaldinu væri beitt á þann veg að almannaþjónustan yrði bætt stórlæg og kjör jöfnuð, en það hefur ekki verið gert. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa klúðrað einstöku tækifær til þess.“

A það hefur verið bent að fjármög til velferðarmála hafi hækkað mikið á undanförnum árum, í samræmi við auknar tekjur ríkissjóðs. Telur þú samt að velferðarmálin hafi verið vanrækt?

„Já. Allt snýst þetta um pólitískan vilja, forgangsröðun og þar með rétta nýtingu fjármuna. Þar hefur ríkisstjórnin brugðist. Vanrekkslyndir eru út um allt í kringum okkur. Almannatryggingar standa ekki lengur undir nafni, fólk þekkir ekki rétt sinn og skilur ekki útreikning lífeyris eða barnabóta. Í málefnum aldraðra er óásaettanleg staða. Um 400 aldraðir bíða eftir hjúkrunarránum. Um 200 börn með broskafrávik eru á biðlistum eftir því að fá greiningu og þurfa að bíða eftir henni í allt að þrjú ár. Ef börnin fá ekki greiningu þá fá þau ekki sértæk úrræði í skólaþerfinu sem þau þurfa sárlega að halda. Hvert ár er örlagaríkt í lífi barna. Þessi staða er algjörlega óviðundandi og ef fólk vill breyta þessu þá þarf Samfylkingin að komast að, því okkar pólitísku hugsjónir snúast um að búa þannig um hnútana þeir fái aðstoð sem þurfa á samábyrgð samfélagsins að halda. Á sama hátt er það óviðundandi að 170 börn og unglingsar bíði eftir því að komast að og fá aðstoð á barna- og unglingsageddeiðinni. Biðlistarnir segja sína sögu. Þessi dæmi sýna að það hefur ekki hefur verið hlúdnógu vel að börnum og eldra fólk, sem þurfa að reiða sig á traust velferðarkerfi. Þess vegna þarf að endurreisa velferðarkerfið.“

Allt kostar þetta peninga. Hversu mikið heldur þú að það kosti að koma stefnumálum ykkar til framkvæmda og útrýma biðlistunum? „Ef að þessi mál væru þau einu sem þyrti að breyta þá bíði okkar ekki vandamál sem erfitt væri að leysa úr. Við myndum stytta biðlistana og útrýma þeim eins fljótt og kostur er, vegna þess að við höfum til þess pólitískan vilja og hugsjónir. En það eru mörg önnur vandamál sem þarf að leysa. Lífskjör aldraðra eru skamarleg og þau þarf að bæta. Til þess að velferðarmálin komist á oddinn þarf jafnaðarflokcur eins og Samfylkinguna við völd. Ég tel ekki að það þurfi að koma til skattahækkanna til þess að bæta velferðarkerfið. Það bendir allt til þess að áframhald verði á hagvexti og það þýðir að ríkissjóður fær til sín auknar tekjur. Þær viljum við nota til

bess að byggja velferðarkerfið upp að nýju, með þarfir fólksins í heild í huga. Það er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það fyrirfram hversu mikið þetta kostar vegna þess að ýmsar aðgerðir s.s. hærra frítekjumark hjá óldruðum og öryrkjum getur skapað auknar skatttekjur. Allt verður þetta svo að gerast í áföngum en þegar allar okkar hugmyndir eru komnar að fulli til framkvæmda má búast við að kostnaðurinn geti orðið um 30 milljarðar. Mikilvægast er hins vegar að hafa pólitískan vilja til þess að breyta og bæta og hann höfum við. Þessu tengt, þá tel ég að fjárlagagerð þurfi að bæta stórlæga. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa vanið sig að það að keyra verulega fram úr fjárlögum og það er algjörlega ólífandi, líkt og ríkisendurskoðun hefur bent á. Ég veit hvernig þarf að taka á málum eins og þessum. Ég gerði það sem borgarstjóri. Eftir markvissar aðgerðir hjá borginni, var framurkeyrsla afar fátið og í þeim farvegi þurfa málin að vera.“

Rökræðan í kosningabaráttunni hefur oftar en ekki snúist um kaupmáttaraukningu og uppbyggingu velferðarkerfisins. Er það ekki óumdeilt að kaupmáttarauknung heimilanna hefur verið mikil og staða almennings þannig batnað?


„Kaupmáttarauknungin skiptir miklu máli og það hvarflar ekki að mér að halda öðru fram en að kaupmáttur hafi aukist jafnt og þétt. Sagt er að kaupmáttur hafi aukist um 56 prósent að meðaltali frá 1994 til 2005. Ég dreg það ekki í efa. Hins vegar er villandi að ræða í sífelli um meðaltöl. Á bak við þessar tölur er fólk sem raðast með misjöfnum hætti niður á þetta mengi. Það sem gleymist oft, er að sumir hafa fengið gríðarlega aukningu en aðrir miklu minni. Lægstu tekjuhóparnir, það er 20 prósent þjóðarinnar sem hefur lægstar tekjur, hefur fengið um 30 prósent kaupmáttaraukningu. Í samanburði hefur tekjuhæsti hópurinn fengið 118 prósent aukningu. Ójöfnuðurinn í samfélagini hefur sem sagt aukist. Kjarninn í okkar gagnrýni hefur einmitt snúið að því, að flokkarnir hafi ekki nýtt gott tækifær til þess að auka jöfnuð, byggja upp velferðarkerfið og bæta með því lífskjör allra, ekki síst þeirra sem eru í verstu stöðumni.“

Þú hefur sjálf talað um að sótt hafi verið að þér, sérstaklega úr röðum Sjálfstæðisflokkssins. Fylgi flokksins í kónumnum hefur ekki verið eins og þið hefðuð viljað. Er Samfylkingin í vandræðum?

„Ég finn að Samfylkingin er í mikilli sóku þessa dagana. Þetta er svo sterkt tillfinning að hún nær alveg inn að beini. Ég hef lengi fundið fyrir því að landslagið sé með öðrum hætti en endurspeglast hefur í könumnum. Við áttum á brattann að sækja en sjáum nú mikinn viðsnuning. Það munum við sjá á kjördag. Samfylkingin er enginn átján prósent flokkr. Það rört líka graflarveg staða fyrir íslensk stjórnsmál ef svo væri. Þá stæðum við uppi með einn flokk, Sjálfstæðisflokkinn, sem hefði bolmagn til þess að vera móttandi fyrir starf i ríkisstjórn. Ég lit því þannig á málum að Samfylkingin sé eini flokkurinn, vegna víðtekrar hugmyndafræðilegrar skírskotunar sinnar, sem getur orðið gott og nauðsynlegt mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn. Vinstrihreyfingin - grænt framboð var stofnaður sem róttækur vinstriflokkur, og fylgismenn hans aðhyljtust ekki stefnumál Samfylkinginnum sem hafa að grunni til haldist óbreytt frá stofnun. Ef að Steingrímur er farinn að tala öðru fremur fyrir hinni almennu norraenjum jafnaðarstefnu, líkt og hann gerir í þó sinni, þá hyltur sú spurning að vakna til hvers var flokkurinn hans stofnaður. Hver er tilverugrundvöllur flokksins?“

Kæmi til greina að mynda ríkisstjórn með Framsóknarflokknum og Vinstri grænum?

„Það er R-lista módelið og ég þekki það vel. Ég hef unnið í því hjá Reykjavíkurborg. Að lokum snýst þetta alltaf um hvort það sé mögulegt að mynda kraftmikla stjórn sem hefur framtíðarsýn og vinnur ötullega að þeim stefnumálum, sem flokkarnir koma sér saman um. R-lista samstarfið gekk vel, þó það hafi endað með nokkrum hvelli, ef svo má segja. En árum saman unnu flokkarnir vel að málum og móta stjórnarfarið.“



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Ingibjörg leggur áherslu á að velferðarkerfinu verði aftur gert hátt undir höfði, en hún telur númerandi ríkisstjórn hafa gloparað niður góðu tækifær til þess að byggja það upp.

FRÉTTABLAÐID/HÖRDUR

PÓLITÍSKUR FERILL

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók við formennsku í Samfylkingunni af Össuri Skarphéðinssyni árið 2005 en frá árinu 2003 hafði hún verið varaformaður flokksins. Hún varð fyrst þingmaður árið 1991, þá fyrir Kvennalistann en létt af þingstörfum þegar Reykjavíkurlistinn náði meiri hluta í borgarstjórnarkosningunum 1994. Hún var borgarstjóri í Reykjavík frá 1994 til 2003.

verðbólgan leitt til hárra stýrvaxta, 14,25 prósent. Þetta leiðir til ójafnaðar vegna þess að fjármagnseigandi getur ávaxtað fí sitt með vöxtum sem grundvallast af stýrvirkunum, á sama tím a og sá sem skuldur er að borga háa vexti af skulđunum. Það þarf engan snilling til þess að átta sig á því að þetta leiðir til ójafnaðar, og ójafnvægis, og þess vegna skiptir skópum að ná niður verðbólgu og lækta stýrvextina. Okkar markmið er öðru fremur að stýra efnahagsmálum með þeim hætti að jafnvægi náist og stöðugleiki ríki, líkt og jafnaðarhugsjónin gerir ráð fyrir. Í því efti viljum við sækja í smiðju til þjóðarsáttarinnar um lækkun verðbólgu sem gerð var 1990 og efta til viðtæks samstarfs við aðila vinnu-markaðarins og sveitarfélaga um jafnvægi í efnahags- og velferðarmálum“.



GIRNILEGT

Nýjungar og frábær tilboð um helgina

Weber línan 2007 er komin - hágæða grill á hagstæðu verði

weber Q



116.980



102.950



189.900



54.950

Q 300
3000253

20% afsláttur



20% afsláttur

Kersten - glös

20% afsláttur



20% afsláttur

Lín Design - matarstell

20% afsláttur



20% afsláttur

Lín Design - grill línan

20% afsláttur



20% afsláttur
Francis - kaffivélar
Margir litir

25% afsláttur



25% afsláttur

Smedbo - baðvörur
Mikið úrval

25% afsláttur



5.700

Borðstofustólar
4200364

25% afsláttur



19.695

Cor Muler - loftljós
2900108

25% afsláttur



29.500

Sjónvarpsskápur
4200420

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerkum vörum

 **EGG**
SMÁRATORGÍ

GOLF GTI 30 EDITION ÓTEMJA



Volkswagen Golf GTI, goðsögn í 30 ár, birtist í tilefni tímamótanna í sérstakri afmælisútgáfu, hlaðinn aukabúnaði og nýjungum. Bíllinn er 230 hestöfl, nær 100 km hraða á aðeins 6,6 sek. og afgerandi últitið vekur óskipta athygli.

GÆÐINGUR NÝR TOUAREG



Hann er kominn. Nýr Volkswagen Touareg sem tekur öllu fram í búnaði og eiginleikum. Fjölmargar nýjungar gera akstur á Touareg að enn áhrifaríkari reynslu en áður.

Komdu og skoðaðu ótemjuna og gæðinginn.

Opið í dag laugardag kl. 12–16.



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.781 +0,83% Fjöldi viðskipta: 436
Velta: 6,830 milljónir

MESTA HÆKKUN

	Eimskipafélagið	+2,99%	Fjöldi viðskipta:	436
	FL Group	+1,90%	Velta:	6,830 milljónir
	Kaupþing	+1,78%		

MESTA LÆKKUN

	Teymi	-2,50%
	Mosaic	-2,35%
	Str.-Burðarás	-0,50%

HLTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,44 +0,00% ... Actavis 78,20 -0,13% ... Alfesca 4,77 +0,00% ... Atlantic Petroleum 715,00 +0,00% ... Atorka 7,02 +0,00% ... BakkaVör 68,90 +0,29% ... Eimskipafélagið 34,40 +2,99% ... FL Group 29,50 +1,90% ... Glitnir 26,85 +0,00% ... Kaupþing 1.085 +1,78% ... Landsbankinn 34,35 +0,73% ... Marel 75,70 -0,26% ... Mosaic Fashions 16,60 -2,35% ... Straumur-Burðarás 19,80 -0,50% ... Össur 124,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN

nánar á visir.is

Methagnaður hjá Apple

Apple skilaði methagnaði á fyrstu premur mánuðum ársins. Hagnaðurinn er tilkominn vegna góðrar sölu á iPod-spilurum og MacBook-fartölvum undir merkjum fyrirtækisins.



Hagnaðurinn nam 770 milljónum bandaríkjadal, 50 milljörðum íslenskra króna, sem er 88 prósentum meiri og á þessu ári. Hagnaður en í fyrra. Mestu munar um gríðarlegan fjölda iPod-spilara sem Apple seldi á þessu þriggja mánaða tímabili. Þeir voru 10,5 milljónir talsins, 24 prósentum fleiri en í fyrra. Virðist fátt benda til að salan ætli að minnka, að sögn BBC. - jab

Láta til sín taka á evrópskum bankamarkaði

Hlutur FL Group í Commerzbank er metinn á yfir 63 milljarða. FL hagnaðist um 15 milljarða á 1. ársfjórðungi.

FL hefur eignast þriggja prósenta hlut í öðrum stærsta banka Þýskalands, Commerzbank. Þetta er hlutur sem metinn er á rúma 63 milljarða króna. Bankinn er að mati Hannesar á góðu verði sem endurspeglar ekki þann viðsnúning sem hefur orðið á rekstri bankans heima fyrir og erlendis. Í fyrra hagnaðist þýski bankinn um 140 milljarða króna.

